

## Greinargerð með ársreikningi 2022

### Rekstrarreikningur

Tekjur eru tæpum 13 milljónum hærri en áætlun hljómaði upp á og gjöldin rétt 1,5 milljón hærri. Ástæðuna má rekja til þess að styrktarsöfnun bar árangur þar sem við fengum hærri styrki en áætlað var.

Við vorum búin að áætla rúmlega þriggja milljóna rekstrarafgang á árinu sem endaði í rúmum 13,5 milljóna króna afgangi.

### Styrkir og framlög

Styrkir og framlög FSÍ eru rúmum 25 milljónum hærri en áætlun hljómaði upp á og tæpum 23 milljónum hærri en ári áður.

Ríkisstyrkur var á pari við áætlun og sá sami en ári áður. Útbreiðslustyrkurinn var rúmum 2,5 milljón yfir áætlun og tæpum 300 þúsund krónum hærri en ári áður.

Við fengum fína úthlutun úr Afrekssjóði, eða rúmlega 8,5 milljón meira en árið 2021 en þó tæpri milljón undir áætlun.

Lottó gaf minna af sér en við bjuggumst við og ca 4,5 milljón minna en ári áður.

Við fengum styrk úr Ólympíusamhjálp en sá styrkur er eyrnamerkur Valgarði Reinhardssyni og greiddur út beint til hans.

Gert var ráð fyrir rúmlega 5 milljóna króna styrk frá samstarfsaðilum og en sá styrkur var rétt undir áætlun. Við vorum mjög ánægð með að ná samningi við Icelandair á árinu sem gerir mikið fyrir okkur.

Styrkir í Fimleikasjóð voru undir áætlun og mun minni en frá árinu áður. Um er að ræða einstaklinga sem hafa styrkt Fimleikasjóðinn um árabíl en augljóslega hefur dregið úr þessum styrkjum.

Aðrar tekjur er styrkur frá Ríkinu vegna Covid en við vorum búin að áætla að hann yrði tæpum 23 milljónum lægri. Jafnframt fengum við 200.000 kr. styrk úr Verkefnasjóði ÍSÍ.

### Innlend mót og sýningar

Haldin voru 26 mót á árinu sem er töluverð breyting á milli ára, þar sem að eingöngu voru haldin 16 mót árið 2021. Mætt var vel á mótin og því erum við ánægð að sjá að við vorum rétt undir áætlun varðandi mótatekjur. Aðrar tekjur eru sala á mótakerfi og bjuggumst við að fleiri félög myndu nýta sér að kaupa það á vinamótin sín. Framlag aðildarféлага er styrkur frá mótshöldurum á móti húsaleigu á salnum og var hann ofreiknaður.

Gjöldin eru aðeins hærri en búist var við en þó mjög nálægt því sem við áætluðum. Annar mótakostnaður er töluvert hærri en áætlað var en fyrr á árinu var verktökum greitt fyrir að setja upp „tariff“ í hópfimleikum sem skrifstofan hefur nú tekið við.

Dómaragjöld voru hækkuð í upphafi ársins 2022 um 150 kr. á hvern keppanda þar sem að dómarakostnaður var hærri en dómaratekjur árið 2021. Þessi hækkun hafði þau áhrif að dómaratekjur voru rétt 134 þúsund krónum hærri en dómarakostnaðurinn árið 2022. Vinnan á bakvið að halda utan um dómara laun er töluverð og er að meðaltali þrjú vinnudagar á mánuði þegar á mótatímabili stendur.

Tölvukostnaður er móttakerfið Sporteventsystems.

Tekjur af mótasviði voru rúmar 35 milljónir og gjöldin voru rúmar 27,5 milljónir. Ef launakostnaður, tæpar 11 milljónir, vegna mótasviðs er dreginn frá þá má sjá að tap af mótasviði voru tæpar 7,5 milljónir.

#### Alþjóðleg mót og sýningar

Áætlaðar tekjur vegna áhaldafimleika voru 2 milljónum hærrí en raun, ástæðan fyrir þessum mun er vegna þess að við vorum búin að reikna með að fjöldi keppenda væri hærrí í þeim verkefnum sem farið var í sem og að hugsanlega væri farið í fleiri B landsliðsverkefni sem rukkað er meira fyrir en A landsliðsverkefni.

Ástæðan fyrir að tekjur vegna hópíimleika eru hærrí en ááetlun gerði ráð fyrir er vegna þess að við þjuggumst við að vera með stuðningsmannaferð fyrir EM í hópíimleikum sem ekki gekk eftir.

Farið var bæði á Eurogym og Golden Age árið 2022 sem útskýrir tekjur undir liðnum „Fimleikar fyrir alla“. Erfitt er að ááetla þennan lið þar sem að við vitum aldrei fyrirfram fjölda þátttakenda en reynt er eftir fremsta megni að koma ekki út í miklu tapi í þessum verkefnum.

Aðrar tekjur eru er miðasala á EM í hópíimleikum og endurgreiðsla frá mótshöldurum EM í áhaldafimleikum vegna dómara.

Þátttökugjöld voru tæpum 3 milljónum hærrí en ááetlað var og stafar það af því að erfitt er að meta fjölda þátttakenda í ofangreindum „Fimleikar fyrir alla“ verkefnum.

Kostnaður vegna flugs var tæpum 13 milljónum undir ááetlun. Ááetlað var að við myndum greiða tæpar 15 milljónir í flug vegna Golden Age en ekki var hægt að fá leiguflug og því keyptu þátttakendur flugið sitt sjálf sem útskýrir þennan mun. Flugkostnaður vegna EM í hópíimleikum var svo á móti 2 milljónum krónum hærrí en ááetlað var.

Búningakostnaður heldur áfram að lækka þökk sé góðum samningum við samstarfsaðila og ber að fagna þessari lækkun.

Töluverð lækkun var á sjúkrakostnaði frá árinu 2021 þar sem að við vorum loksins laus við Covid prófin sem voru ástæðan fyrir háum sjúkrakostnaði það árið.

Matarkostnaður var rúmum 2 milljónum krónum lægri en við höfðum ááetlað. Þann mun má rekja til ofááetlunar á matarkostnaði á Golden Age sem og að matarkostnaður var almennt lægri í öllum okkar verkefnum.

Tryggingakostnaður var einnig lægri ááetlun gerði ráð fyrir þar sem að ekki þurfti að kaupa tryggingar fyrir keppendur og dómara á EM í hópíimleikum.

Laun vegna landsliðsþjálfara voru 3,5 milljón yfir ááetlun. Laun landsliðsþjálfara í hópíimleikum voru 1,8 milljón yfir ááetlun þar sem að farið var með auka lið á EM sem og að laun þjálfara í áhaldafimleikum í landsliðsverkefnum voru vanááetluð um 1,7 milljónir.

Kostnaður vegna hæíileikamótunar var nánast á pari við því sem ááetlað var, en kostnaður vegna hennar er færður á tvö svið, þ.e. Alþjóðleg mót og sýningar og Námskeið og fræðsluefni.

Kostnaður vegna fagteymis var rúmri 2,7 milljón hærri en áætlað var. Aukið var við þjónustu keppenda innanland, fjölgað var verkefnum þar sem að fagteymi ferðaðist með liðunum og einnig var um bókfærsla breytingu að ræða með það að markmiði til þess að gera kostnað fagteymis sýnilegri.

Liðurinn „Styrkir“ eru eyrnamerkir styrkir til einstaklinga frá Afrekssjóði. Líkt og áður kom fram fengum við styrk vegna Ólympíusamhjálpur sem var greiddur beint út til viðkomandi einstaklings sem útskýrir af hverju við vorum rúmunum 1,5 milljón yfir áætlun.

Annar kostnaður er annar ófyrirsjáanlegur kostnaður vegna landsliðsverkefna. Þessi kostnaður í ár er aðallega kostnaður vegna NM í áhaldafimleikum sem haldið var á Íslandi árið 2022.

Aðrir liðir undir alþjóðlegum mótum og sýningum líkt og hótélkostnaður og ferðakostnaður var nánast á pari við það sem áætlað var og því ekki ástæða til þess að greina þá sérstaklega.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga voru rúmar 147 milljónir og gjöldin rúmar tæpar 213 milljónir. Ef reiknað er með launum vegna alþjóðlegra móta og sýninga er ljóst að tapið á Afrekssviði var 95 milljónir.

#### Námskeið og fræðsluefni

Haldin voru færri námskeið en áætlað var þar sem að samkomutakmarkanir voru enn í gildi í upphafi árs 2022 og því voru ekki haldin mörg námskeið á vorönn. Dómaranámskeið voru þó haldin í öllum greinum á haustönn og voru námskeiðin voru vel sótt. Þau námskeið sem haldin voru, voru mörg á landsbyggðinni sem skýrir matar- og ferðakostnað.

Kostnaður vegna tækjaleigu er kostnaður vegna hugbúnaðarins Canvas sem þjálfarar nota í dag fyrir bóklega hluta námskeiða.

Tekjur af námskeiðum og fræðslu voru rúmar 11,5 milljón og gjöldin rúmar 8,5 milljónir, ef tekinn er inn launakostnaður af sviðinu upp á tæpar 11,5 milljónir þá er ljóst að tap af fræðsluviði er 8,5 milljónir sem er áhyggjuefni.

#### Leyfiskerfi

Við áætluðum að tekjur vegna leyfiskerfis yrðu tæpum 2 milljónum lægri og miðaðist sá útreikningur á brottfalli innan hreyfngarnar. Árið 2021 fór fram tvískipting leyfisgjalda þannig að eingöngu voru leyfigjöld tekjufærð fyrir haustönn 2021 sem þýðir að miðað við árið 2021 erum við rétt undir tekjum þess árs ef að tvískipting hefði ekki farið fram.

#### Aðrar tekjur

Um er að ræða félagaskipti og tekjur sem við innheimtum fyrir útlagðan kostnað.

#### Fimleika Events ehf.

Árið 2022 var fyrirtækið loksins nýtt að einhverju leiti. Sala á stuðningsmannabólum fór í gegnum fyrirtækið sem og að FanZone í Smáralind fór einnig í gegnum fyrirtækið. Fyrirtækið skilaði tæpum 2 milljónum í rekstrarafgang. Tekjur fyrirtækisins voru fyrrnefnd bolasala og styrkur sem Fimleikasambandið fékk frá ríkinu vegna FanZone í Smáralind. Kostnaður fyrirtækisins voru svo vörukaup stuðningsmannabola, kostnaður vegna FanZone og kaup á sérfræðingi sem aðstoðar okkur við ársreikningsgerð og bókhaldskerfið.

## Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um rúmlega 9 milljónir á milli ára og voru rúmum 5 milljónum yfir áætlun.

Í desember 2021 voru ráðnir inn tveir nýjir starfsmenn, þ.e. landsliðsþjálfari í 50% stöðu og starfsmaður í fagleg verkefni í 50% stöðu. Í upphafi ársins 2022 störfuðu því 10 manns á skrifstofu FSÍ, þeirra á meðal voru tveir starfsmenn í fæðingarorlofi sem kláruðu orlofið sitt árið 2022. Reynt var með fremsta megni að halda niðri launakostnaði í lok árs, einn starfsmaður sagði upp starfi sínu um vorið og tveir starfsmenn sögðu upp störfum sínum í upphafi hausts. Ekki voru ráðnir inn starfsmenn í stað þeirra sem hættu, eingöngu vegna þess að reynt var að halda launakostnaði í lágmarki, þó það myndi hafa þær afleiðingar að álag á aðra starfsmenn yrði enn meira. VR hækkan árið 2022 hafði einnig áhrif á laun þar sem ekki búist var við þeirri hækkan sem varð.

Hugbúnaðarkostnaður var 300 þúsund yfir áætlun en þó svipaður og ári áður, áætlun hefði því mátt gera ráð fyrir svipaðri upphæð og í raun bar vitni.

Síma- og internetkostnaður jókst milli ára og má rekja hann til þess að 10 starfsmenn störfuðu á skrifstofu. Sagt var upp áfyllanlegum routerum sem notaðir voru á mótasviði og í stað þess keypt áskrift á tvo nýja routera sem við greiðum mánaðarlega, þessi kostnaður var því áður á Innendum mótum og sýningum er nú undir internetkostnaði.

Áætlaður var kostnaður vegna bókhaldskostnaðar/ráðgjöf upp á 2 milljónir. Raun kostnaður á Fimleikasambandið var þó einungis 196.850 kr. Reikningur vegna ársreikningsgerðar/bókhaldsráðgjafar var þó 1 milljón en sá reikningur var stílaður á fyrirtækið og er því inn í gjaldaliði þess.

Kostnaður vegna gjafa var örlítið hærri en búist var að áætla en þó töluvert lægri en ári áður. Þessi kostnaður getur verið mjög breytileur á milli ára.

Kostnaður vegna Uppskeruhátíðar var mun hærri en búist var við og töluvert hærri en ári áður. Einföld skýring er þó á af hverju hann hækkaði gríðarlega á milli ára og er það vegna þess að Uppskeruhátíð fór ekki fram árið 2021 sökum Covid. Ljóst er að kostnaður vegna matar, húsaleigu o.fl. hefur einfaldlega hækkað til muna frá því sem áður þegar Uppskeruhátíð var síðast haldin árið 2019.

Kostnaður vegna tölvu og tækja var einnig hærri en áætlað var, keypt var t.a.m. ný myndavél og linsa sem ekki var búist að áætla fyrir. Þessi kaup hafa á móti lækkað ljósmyndakostnað á móta- og afrekssviði þar sem starfsmenn skrifstofu hafa nær eingöngu séð um ljósmyndun árið 2022 eftir að myndavélin var keypt.

Tryggingakostnaður var lægri en áætlað var og vel undir árinu 2021. Árið 2021 var endurnýjun á tryggingum ársins 2022 bókuð sem þýðir að árið 2021 voru iðgjöld tvíbókuð og lítið sem ekkert bókað árið 2022.

Annar kostnaður eru að mestu leiti bankakostnaður, seðil- og útskriftargjöld.

Aðrir liðir eru rétt fyrir ofan eða lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og teljast því eðlilegir.

## Afskriftir

Klárað var að afskrifa óinnheimtanlegar skuldir árið 2022 en um er að ræða skuldir frá árinu 2017. Allar aðrar skuldir viðskiptamanna eru í greiðslusamningi.

## Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur FSÍ voru samtals 658.003 kr. sem er töluvert hærri tekjur en gert var ráð fyrir og frá því sem var árið 2021. Árið 2021 lögðum við 10 milljónir inn á sparnaðarreikning sem bundinn er til 30 daga með ágætum vöxtum og aðrar 5 milljónir árið 2022. Þetta var gert til þess að ávaxta fjármuni FSÍ sem og til að eiga frátekna fjármuni ef ske kynni að við lendum í öðrum alheimsfaraldri eða öðrum ófyrirsjáanlegum atburði á komandi árum. Í upphafi ársins 2023 voru lagðar aðrar 10 milljónir á reikninginn og erum við í dag að fá yfir 100 þúsund krónur í vaxtatekjur á mánuði sem okkur munar mikið um.

Vaxtagjöld voru 140.432 kr. og var gengismunur neikvæður í ár að upphæð 571.341 kr. Hreinar fjármunatekjur eru því neikvæðar að upphæð 53.770 kr.

## Rekstrartap ársins

Rekstrarafgangur ársins eru rúmar 13,5 milljónir en áætlaðar rekstrarafgangur var um 3,5 milljónir. Ljóst er að árið 2023 verður umfangsmikið ár og leggjum við því til að rekstrarafgangur ársins 2022 verður nýttur í hugsanlegt tap af rekstri árið 2024.

## Efnahagsreikningur

Líkt og með rekstrarreikningin þá er um að ræða efnahagsreikning samstæðu, þ.e. efnahag FSÍ og Fimleika Events ehf. er steypt saman.

## Veltufjármunir

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur hækkuðu um rúmar 26 milljónir á milli ára. Skuld ÍSÍ við FSÍ voru rúmar 5,3 milljónir í lok ársins sem var gengið frá í upphafi ársins 2022. Styrkur frá Ríkissjóði að upphæð 27.963.646 kr. var einnig ógreiddur í lok árs. Því telst þessi hækkun ekki óeðlileg með tilliti til þessa.

Nú í dag eru allar viðskiptaskuldir Fimleikasamningsins í greiðslusamningi.

### Aðildarfélög

Skuld aðildarfélaganna við FSÍ er svipuð og í fyrra, einhver félög höfðu ekki greitt leyfisgjöld sín í lok ársins 2022. Nánast ekkert félag er í skuld við FSÍ í dag og þau sem eru í skuld eru með greiðslusamning við sambandið.

### Handbært fé

Handbært fé lækkaði um rúmar 13 milljónir á milli ára. Ástæðan fyrir því að handbært fé hefur lækkað er í raun og veru þær viðskiptaskuldir sem ekki voru innheimtar í lok ársins 2022, líkt og kom fram í liðnum „Viðskiptakröfur“. Handbært fé núna í maí eftir að þessar viðskiptakröfur komu inn er rúmar 53 milljónir.

## Eigið fé og skuldir

Hlutafé að upphæð 500.000 kr. er eign í dótturfélaginu Fimleika Events ehf.

Óráðstafað eigið fé FSÍ var 81.988.552 kr. í lok ársins 2022 sem er óráðstafað eigið fé FSÍ árið 2021 plús rekstrarafgangur árið 2022. Óráðstafað eigið fé Fimleika Events ehf. var -13.334.660 kr. í lok ársins 2022 sem er óráðstafað eigið fé í lok árs 2021 plús rekstrarafgangur fyrirtækisins á árinu 2022. Þegar óráðstöfuðu eigið fé samstæðunnar er steypt saman myndast því upphæðin 68.153.892 kr.

Eigið fé í lok ársins 2022 er því rúmar 68,6 milljónir sem er hækkun um rúmar 13 milljónir á milli ára.

Skammtímaskuldir

*Viðskiptaskuldir*

Viðskiptaskuldir hafa lækkað á milli ára. Reikningar voru að berast seint frá verktökum sem gerði það að verkum að meiri hluti þeirra var ógreiddur um áramótin.

*Greiðslukort*

Um er að ræða skuld á VISA kortum í lok ársins 2022 sem greidd var í byrjun janúar 2023.

*Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022*

Veltufé frá rekstri er rekstrarafgangur og afskriftir samstæðunnar á árinu 2022. **Veltufé frá rekstri hækkar því um rúmar 30,5 milljónir á milli ára.**

Skammtímakröfur hækkðu á árinu og skammtímaskuldir lækkuðu á árinu, skammtímakröfur hækkðu um 28.918.423. og skammtímaskuldir lækkuðu um 3.568.552 kr. Vegna þessa urðu **neikvæðar breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum um rúmar 12 milljónir**, því er **handbært fé frá rekstri neikvætt í lok ársins eða um rúmar 12,3 milljón króna.**

Eva Hrunn Gunnarsdóttir

Fjármálastjóri

Fímleikasamband Íslands